Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun
Áb.
30. júní 2011
Tilv.

Arinbjörn Vilhjálmsson,
skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 Gardabær

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júní 2011
Tilvísun: UST20110600241/ksj

**Stígur í Garðahrauni við Miðhraun 4 - 6 - 8 í Garðabæ. Umsögn**

Vísað er til erindis Landslags ehf. fyrir hönd skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 27. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um gerð stígar í Garðahrauni við Miðhraun 4 - 6 - 8 og við athafnasvæði í Molduhrauni í Garðabæ.

Ofangreindur stígur er stofnstígur, áætlaður á 250 m kafla og tengir saman núverandi stíg yfir Garðahraun, við stígakerfi í Urriðaholti og Vífilsstaðahlíð austan Reykjanesbrautar. Stígurinn er á þéttbýliskorti er tilheyrir aðalskipulagi Garðabæjar.

**Staðhættir**

Áætluð staðsetning ofangreinds 250 m langs kafla stofnstígar er í Garðahrauni við Miðhraun 4 - 6 - 8 og við athafnasvæði í Molduhrauni í Garðabæ.

**Náttúruminjar**

Garðahraun, sunnan við Flatir þar sem ofangreind stígagerð er áætluð, er hverfisverndað, frá Hraunholtslæk að Molduhrauni og er ætlað til útivistar. Hraunholtslækur er á náttúruminjaskrá ásamt 200 metra breiðri spildu af Búrfellshrauni meðfram læknum að sunnan. Garðahraun er nútímahraun og nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

**Framkvæmdin**

Þar sem ofangreindur stígur er áætlaður á hverfisvernduðu svæði og nærri svæði á náttúruminjaskrá og á hrauni þöktu svæði, er afar mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að forðast verði allt óþarfa rask við gerð stígsins. Í greinargerð er fylgir erindinu kemur fram leitast sé við að fella stíginn sem best að landslagi hraunsins og vegna þessa víki lega stígsins lítillega frá legu sem sýnd er í aðalskipulagi. Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um að stígurinn verði mjórri en almennt er um stofnstíga, eða 2,5 m breiður.

**Niðurstaða**

Ofangreindur stígur er mikilvægur hlekkur í stígakerfi Garðabæjar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að stígur sé felldur vel að hrauni og að vel sé að framkvæmdinni staðið og að forðast verði allt óþarfa rask eins og kostur er.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Landslag ehf.